

**32. fundur samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps
haldinn að Miðtúni 1, Tálknafirði,
þriðjudaginn 22. maí 2012 og hófst hann kl. 17:30.**

Fundinn sátu:

Birna Benediktsdóttir (BB), Friðbjörg Matthíasdóttir (FM) Formaður, Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Guðrún Eggertsdóttir (GE), Ásgeir Sveinsson (ÁSV) og Ásthildur Sturludóttir (ÁS).

Fundargerð ritaði: Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri Vesturbyggðar

Arnheiður Jónsdóttir boðaði forföll. Guðrún Eggertsdóttir mætti í hennar stað.

Dagskrá:

1. 1101042 - Málefni MEÓ

Magnús Ólafs Hansson formaður stjórnar MEÓ og Björgvin Sigurjónsson komu inn á fundinn.

Formaður stjórnar fór yfir málefni MEÓ.

Samráðsnefnd samþykkir að viðhaldsverkefnum verði forgangsraðað með tilliti til fjárhagsáætlunar.

Stjórn MEÓ falið að kanna hvort áhugasamir aðilar vilji eignast gamlan nótabát "Víkingaskipið" með skilyrðum.

2. 1205094 - Ársreikningur Hollvinasamtaka HSP 2011

Lagðir fram til ársreikningar Hollvinasamtaka HSP til samþykktar.

Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps samþykkir framlagðan ársreikning.

3. 1205095 - Önnur sameiginleg mál

Í ljósi þess að sveitarstjórnir þurfa að taka upp samþykktir sínar fyrir lok árs 2012 skv. nýjum sveitarstjórnarlögum vill samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps beina þeirri ábendingu til sveitarfélaga á Vestfjörðum að fundir sveitarstjórna verði haldnir þriðju viku hvers mánaðar.

4. 1203006F - [Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - 31](#)

Lögð fram fundargerð síðasta fundar samráðsnefndar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00.

32. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____